



Alþingi  
b.t. Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um veiðar í fiskveiðilandshelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, 419 mál.**

Atvinnuveganefnd Alþingis óskaði eftir umsögn SSV um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandshelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja) með tölvupósti dags. 22. janúar 2021.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa á s.l. ári sent frá sér ályktanir um nauðsyn þess að gera breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða.

Á Haustþingi SSV sem fór fram 16 október s.l. segir í ályktun „Sveitarfélög á Vesturlandi hafa ítrekað ályktað um nauðsyn þess að núverandi fyrirkomulag hrognkelsaveiða verði endurskoðuð, en það sýndi sig s.l. vor að það er með öllu óboðlegt. Þar kom glögggt í ljós að núverandi fyrirkomulag skapar sjómönnum og vinnslum erfið rekstrarskilyrði og skekkir samkeppnisstöðu. Því er afar brýnt að Alþingi taki hið fyrsta til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða til þess að bæta rekstrarumhverfi sjómanna og vinnsla með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi.

SSV fagnar því að komið sé fram frumvarp á Alþingi sem við teljum að muni tryggja ábyrgari, hagkvæmari og fyrirsjáanlegri veiðar og þar með traustari rekstrarskilyrði fyrir sjómenn og vinnslur. Hafnir á Vesturlandi hafa sumar hverjar verið einn helsti löndunarstaður grásleppu og á Vesturlandi hafa einnig verið öflugar vinnslur. Við horfum til þess að nýtt fyrirkomulag hrognkelsaveiða muni skapa byggðafestu og efla atvinnulíf á Vesturlandi.

Með hliðsjón af ofangreindu styður SSV framgang frumvarpsins.

Með vinsemd og virðingu

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV